

FW: Starfsleyfi Félagsheimilisins Staðs Eyrarbakka.

Til : Fjola Steindóra Kristinsdóttir <fjola.steindora.kristinsdottir@arborg.is>; Helga María Pálsdóttir <helga.maria@arborg.is>
Frá : Ráðhúspóstur <radhuspostur@arborg.is>
CC : Signý Harpa Hjartardóttir <signy@arborg.is>; Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>
Heiti : FW: Starfsleyfi Félagsheimilisins Staðs Eyrarbakka.
Málsnúmer : 2301382
Málsaðili : Heilbrigðiseftirlit Suðurl bs.
Skráð dags : 31.01.2023 08:33:11
Höfundur : Ráðhúspóstur <radhuspostur@arborg.is>

From: María Berg Guðnadóttir

Sent: mánudagur, 30. janúar 2023 16:07

To: Ráðhúspóstur DL ; Bragi Bjarnason ; Óðinn Kalevi Andersen ; eb73@visir.is

Cc: hs@hsl.is

Subject: Starfsleyfi Félagsheimilisins Staðs Eyrarbakka.

Góðan daginn

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur til umsagna tækifærisleyfi vegna Þorrablóts Slysavarnardeildarinnar Bjargar Eyrarbakka í Félagsheimilinu Stað, Eyrarbakka sem fara á fram um komandi helgi.

Við skoðun gagna vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kom í ljós að **starfsleyfi Sveitarfélagsins Árborgar vegna Félagsheimilisins Staðs rann út þann 3. desember 2022.**

Samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald m.s.br. kemur m.a. annars fram að vegna umsókna um tækifærisleyfi skuli starfsleyfi heilbrigðisnefndar vera í gildi í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga og reglugerða um matvæli.

Gildistími starfsleyfa er 12 ár frá útgáfu og tekur mið af lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Meðfylgjandi er slóð á þjónustugátt sem þarf að skrá sig inn á rafrænum skilríkjum og hægt að skila umsókn.

<https://umsokn.hsl.is>

Athugið að nú eru fastanúmer fasteigna þar sem starfsleyfisskyld starfsemi fer fram skráð á starfsleyfin og skal skrá á viðeigandi stað í umsókninni. Fastanúmer er hægt að finna á www.fasteignaskra.is. Séu margar fasteignir með sama fastanúmerið ber einnig að skrá merkingu.

Einnig er vakin athygli á því að eigandi fasteignar sé hann annar en rekstraraðli þar sem reksturinn fer fram verður að fylla út viðeigandi form sem einnig er í þjónustugáttinni og þarf það að fylgja með starfsleyfisumsókn.

Er Sveitarfélagið Árborg beðið um að skila inn starfsleyfisumsókn hið fyrsta svo hægt sé að ganga frá umsögn vegna umbeðins tækifærisleyfis.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupóstsins.

Með kveðju

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

María Berg Guðnadóttir
Heilbrigðisfulltrúi,
Austurvegi 65, 800 Selfoss
Sími: 480-8250
www.hsl.is

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Please consider the environment before printing.**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum, sbr. 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.